

11. gr.

Heimilt er að setja á stofn húsmæðrakennaradeild í sambandi við húsmæðra-skóla Reykjavíkur eða sem sjálfstæða stofnun. Stofnkostnaður og árlegur rekstrar-kostnaður kennaradeildarinnar greiðist úr ríkissjóði. Fræðslumálastjórnin sér um framkvæmd þessarar heimildar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Tilgangur húsmæðrakennaradeildar er að veita hæfilega menntun húsmæðra-kennslukonum, matreiðslukennurum við barnaskóla, ráðskonum sjúkrahúsa og heimavista o. s. frv.

Skal heimild þessi framkvæmd í sambandi við heimild um stofnun húsmæðra-kennaraskóla í 13. gr. laga nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, þannig að samstarf um fræðsluna verði sem mest og kostnaður sem minnstur á báðum stöðum.

12. gr.

Fræðslumálastjórnin setur, að fengnum tillögum viðkomandi skólanefndar, reglugerð um skólahaldið, og skal þar nánar ákveðið um kennslutilhögun, námsgreinar, kennslutæki, heimilishætti og annað það, sem þurfa þykir.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, ásamt nýbýlinu Varmahlíð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja Varmahlíðarfélaginu í Skagafirði jörðina Reykjarhól í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, ásamt nýbýlinu Varmahlíð, sem er eign ríkissjóðs, ef samkomulag næst um verð og með því skilyrði, að þar verði reistur héraðsskóli Skagfirðinga.

2. gr.

Um greiðsluskilmála skal fara eins og venja var til við sölu þjóð- og kirkjujarða, sbr. lög nr. 31 20. okt. 1905.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.